

From: [Ása Valdís Árnadóttir](#)
To: [Fundur GOGG](#)
Subject: FW: Skráning lögheimilis í frístundabyggð – boð á vinnustofu
Date: föstudagur, 29. ágúst 2025 11:10:32
Attachments: [image003.png](#)

Frá: Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>

Sent: þriðjudagur, 1. júlí 2025 09:15

Til: Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>

Efni: Skráning lögheimilis í frístundabyggð – boð á vinnustofu

Til allra sveitarfélaga

Samkvæmt núgildandi lögum ber að skrá einstakling til lögheimilis þar sem hann hefur fasta búsetu. Þá skal lögheimili skráð í tiltekna íbúð eða eftir atvikum hús, við tiltekna götu eða í dreifbýli, sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá.

Undanfarin ár hefur færst mjög í vöxt að einstaklingar flytji í frístundabyggð. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu og frístundahús því ekki skilgreind sem íbúðarhúsnæði. Ef óvissa er um lögheimili er þó heimilt að skrá einstakling til lögheimilis í sveitarfélagi án tilgreinds heimilisfangs og er það sú skráning sem einstaklingar sem flytja í frístundahús fá samkvæmt þjóðskrá.

Þessi staða veldur ákveðinni óvissu fyrir sveitarfélög enda ekki ljóst hvaða þjónustu sveitarfélögum ber að veita í slíkum tilfellum.

Í stefnumörkun Sambandsins er að finna eftirfarandi áherslu:

„Sambandið beiti sér fyrir breytingum á lögum um lögheimili og aðsetur þar sem sérstaklega verið litið til fjölgunar þeirra sem skrá lögheimili án tilgreinds heimilisfangs. Við útfærslu lagabreytinga verði unnið út frá þeirri meginreglu að skipulag sveitarfélaga ráði því hvar heimilt er að skrá lögheimili og einnig hvar sveitarfélögum er skylt að veita þjónustu við íbúa.“

Með vísan til framangreinds býður Sambandið sveitarfélögum að taka þátt í vinnustofu um skráningu lögheimilis í frístundabyggð. Í upphafi verður stutt erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi en síðan verða þátttakendur leiddir í gegnum æfingar sem ætlað er að greina áskoranir og tækifæri og hugmyndir að lausnum.

Vinnustofan verður haldinn fimmtudaginn 11. september klukkan 10:30-14 í húsnæði Sambandsins í Borgartúni 30 og er öllum sveitarfélögum boðið að taka þátt. Nauðsynlegt er að skrá þátttöku með því að smella á þennan [tengil](#).

Með kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga

Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900

www.samband.is / samband@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) / [Legal Disclaimer](#)